

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ráðherrabíla og bílstjóra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða lög og reglur kveða á um afnot ráðherra af ráðherrabílum í starfi annars vegar og utan starfs hins vegar?
2. Hefur verið gert hlunnindamat vegna notkunar ráðherra á ráðherrabílum? Ef svo er, hvert er hlunnindamatið og á hvaða forsendum er það byggt?
3. Heldur ráðherra akstursdagbók þar sem skráð eru erindi og akstursvegalegd?
4. Er akstursdagbók yfirfarin og það metið hvenær ráðherra notar bifreiðina í embættiserindum og hvenær í einkaerindum? Hver fer yfir og leggur mat á það?
5. Hver er mánaðarlegur kostnaður við rekstur hvernar ráðherrabifreiðar frá og með árinu 2009? Sundurliðun óskast á rekstri bifreiðar og kostnaði vegna bílstjóra.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og dómsmálaráðherra svara fyrirspurninni sam-eiginlega á starfstíma innanríkisráðuneytisins sem var frá 1. janúar 2011 til 30. apríl 2017. Svörin eiga hins vegar eingöngu við um samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið á öðrum tímabilum nema annað sé tekið fram.

1. Í 8. gr. reglugerðar nr. 1281/2014, um bifreiðamál ríkisins, segir að leggja skuli ráðherrum ríkisstjórnarinnar til bifreið til afnota vegna starfa sinna og til aksturs frá heimili að vinnustað. Bifreiðin skal vera í eigu og rekstri ríkisins og vera útbúin öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði. Slíki bifreið skal að jafnaði ekið af sérstökum bifreiðarstjóra sem sinnir jafnframt hlutverki öryggisvarðar hlutaðeigandi ráðherra. Tilgangur þessarar starfsemi er að veita ráðherrum aukið öryggi og þjónustu er þeir sinna embættisskyldum sínum.

Gildandi reglugerð um bifreiðamál ríkisins er frá 2014 og kom í stað eldri reglugerðar frá árinu 1991. Þá var hlutverki bifreiðarstjóra breytt og fengu þeir aukið hlutverk til að gegna öryggisgæslu ráðherra, meðal annars með því að virkja öryggisbúnað ef þörf krefur og veita hlutaðeigandi ráðherra liðsinni ef upp koma aðstæður sem kunna að ógna öryggi farþega og bifreiðarstjóra. Þá var og sérstaklega mælt fyrir um að ráðherrabifreiðin skyldi nýtt til aksturs til og frá heimili ráðherra.

Þess skal getið að undanfarið hefur verið unnið að því að endurskipuleggja umsýslu og rekstur bifreiða Stjórnarráðsins og ráðningarsamband ráðherrabílstjóra. Innleiðing nýs fyrirkomulags stendur yfir. Það miðar að hagkvæmari rekstri allra ráðherrabifreiða, skýrari umgjörð um notkun þeirra og efldu hlutverki bifreiðarstjóra. Eftirleiðis verður umsjón með bifreiðum, rekstur þeirra og endurnýjun hjá miðlægri þjónustueiningu Stjórnarráðsins. Endurnýjun bifreiða verður í samræmi við vistvæna innkaupastefnu ráðherrabifreiða sem ríkisstjórnin samþykkti í febrúar sl. Þá miðar hið nýja fyrirkomulag að því að efla starfsumhverfi bifreiðarstjóra og gera þeim betur kleift að gegna mikilvægu öryggishlutverki gagnvart ráðherra.

2. Í eldri reglugerð frá 1991 um bifreiðamál ríkisins kom fram að ráðherra gæti notað ráðherrabifreið til takmarkaðra einkanota. Þá taldist akstur til og frá heimili sem einkanot. Í gildandi reglugerð er ekki fjallað sérstaklega um rétt til takmarkaðra einkanota og jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherrum sé ekið til og frá heimili, meðal annars vegna öryggissjónarmiða. Fyrir vikið er hlunnindamat ekki reiknað.

3. Þar sem bifreiðin er einungis notuð til að aka ráðherra er ekki ástæða til að halda sérstaka akstursdagbók.

4. Sjá svar við 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

5. Í eftirfarandi töflum er birt yfirlit yfir mánaðarlegan kostnað vegna ráðherrabifreiða og bílstjóra frá árinu 2009. Tafla 1 sýnir rekstrarkostnaðinn og tafla 2 laun. Tölur frá 1. janúar 2011 og til loka árs 2017 eru fyrir innanríkisráðuneytið (ráðuneytisnúmer 06). Almennur rekstrarkostnaður vegna ráðherrabifreiða var bókaður hjá rekstrarfélagi Stjórnarráðsins tímabilið janúar 2011 til október 2012 fyrir öll ráðuneytin. Með sama hætti var rekstrarkostnaður bókaður hjá innanríkisráðuneyti frá janúar 2013 til janúar 2014, en hugmyndir voru um að færa bifreiðamálin yfir til embættis ríkislögreglustjórans m.a. vegna öryggissjónarmiða. Almennur rekstrarkostnaður vegna ársins 2017 innifelur rekstrarkostnað tveggja ráðherrabifreiða og bílstjóra stærstan hluta ársins þ.e. bæði vegna samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og dómsmálaráðherra, en ráðuneytin störfuðu á sama fjárlaganúmeri allt árið 2017 eins og áður greinir. Mínus tölur geta þýtt að leiðrétting hafi verið gerð í bókhaldinu t.d. vegna trygginga.

Tafla 1.

Mánuður	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
janúar	110.438	136.364	134.174	216.809	140.888	128.596	-39.060	48.771	70.590
febrúar	76.794	217.969	64.039	68.239	71.823	33.844	24.100	75.955	162.061
mars	332.087	114.039	137.777	109.576	444.952	57.489	67.644	111.272	242.945
apríl	209.309	102.013	94.755	428.975	29.815	355.315	192.958	39.556	130.318
maí	142.022	221.003	99.387	368.805	302.498	-132.111	839.700	99.987	279.408
júní	224.979	39.874	219.773	51.649	86.909	-70.865	152.939	10.917	80.118
júlí	102.660	97.026	131.920	182.496	215.880	457.886	63.135	92.002	126.590
ágúst	332.724	213.190	126.206	146.628	473.187	106.337	93.233	-8.091	185.729
september	106.132	100.578	202.963	144.163	39.007	107.630	87.047	90.628	159.718
október	83.602	84.277	207.301	216.927	132.486	465.803	87.257	43.519	182.351
nóvember	119.769	66.326	100.152	94.186	129.967	45.354	102.328	212.519	124.619
desember	65.529	83.727	153.669	298.262	77.162	47.378	-43.679	34.172	172.371

Tafla 2.

Mánuður	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
janúar	459.062	471.724	527.675	477.685	357.980	651.895	631.084	712.003	758.282
febrúar	459.062	471.724	527.675	623.551	641.324	613.895	631.084	712.003	758.282
mars	459.062	471.724	559.490	644.326	627.976	653.895	700.284	761.203	1.442.139
apríl	484.262	497.524	564.575	672.126	635.466	662.873	631.084	712.003	1.482.139
maí	459.062	471.724	527.675	644.326	525.401	652.974	700.598	756.503	1.535.924

júni	459.062	471.724	556.721	614.326	985.205	631.084	661.098	758.282	1.482.139
júli	459.062	471.724	606.721	614.326	635.466	631.084	661.098	758.282	1.482.139
ágúst	459.062	471.724	556.721	614.326	635.466	631.084	661.098	758.282	1.646.591
september	470.669	471.724	556.721	614.326	635.466	631.084	661.098	758.282	1.865.947
október	478.641	471.724	581.022	614.326	635.466	631.084	661.098	758.282	1.874.654
nóvember	478.641	471.724	581.022	614.326	647.182	704.684	1.097.933	840.282	1.772.946
desember	524.241	518.524	644.822	664.826	943.986	631.084	712.003	758.282	1.619.204